

Minnisblað



VIÐTAKANDI: Borgarráð
SENDANDI: Hrafnkell Á. Proppé

REYKJAVÍK
DAGS.: 18.11.2020

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skýrslu Mannvits og COWI um Borgarlínu - R20100398

Þann 18. nóvember barst framkvæmdastjóra SSH fyrirspurn frá Borgarráði sem beint var til verkefnastofu Borgarlínu. Fyrirspurnin er sett fram skáletruð hér að neðan, hún er í sex liðum og er birt svar undir hverjum lið.

Nýlega kom út skýrsla um félagshagfræðilega úttekt á borgarlínu: Borgarlínan Socioeconomic Analysis sem gerð var af danska ráðgjafafyrirtækinu COWI og íslensku verkfræðistofunni Mannviti.

1. Hverjir báðu um þessa félagshagfræðilegu úttekt?

Verkefnastofa Borgarlínu hafði forgöngu um að þessi félagshagfræðilega greining var gerð.

Frá því að Borgarlínuverkefnið var sett á dagkrá 2015 í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og sérstöku samkomulagi milli SSH og Vegagerðarinnar hefur verið stefnt að því að nýta félagshagfræðilega greiningu til að meta arðsemi verkefnisins. Verkefnastofa Borgarlínu setti því félagshagfræðilega greiningu á dagskrá þegar henni var falið að undirbúa fyrstu Borgarlínuframkvæmdir í samræmi við samgönguáætlun 2019-2023 og samning Vegagerðarinnar og SSH. Sú verkefnaáætlun var samþykkt af aðstandendum verkefnisins.

Þess má einnig geta að í efnahagslegri greiningu OECD á Íslandi árið 2019 var ein helsta ráðleggingin til að bæta opinberar fjárfestingar sú að framkvæma ítarlega félagshagfræðilega greiningu áður en ráðist er í stór innviðaverkefni. Víða í nágrannalöndum okkar eru slíkar greiningar jafnframt forsenda þess að heimilt sé að ráðast í innviðaframkvæmdir, enda eru þær sterk vísbinding um hvort verkefni séu þjóðhagslega arðbær eða ekki.

2. Hvernig voru þessir aðilar valdir?

Mannvit og COWI áttu hagstæðasta tilboð í gerð nýs samgöngulíkans sem boðið var út á evrópska efnahagssvæðinu. Í útboðinu var gerð sú krafa að líkanið gæti skilað niðurstöðum í félagshagfræðilega greiningu en samgöngulíkanið er grundvallar verkfæri í félagshagfræðilegri greiningu.

3. Var farið í verðfyrirspurn eða útboð á þessari úttekt/skýrslugerð?

Upphaflegt val átti sér stað með útboði sbr. svar við lið 2. Óskað var eftir sér tilboði Mannvit/COWI í að vinna þann verkþátt. COWI eru mjög reyndir ráðgjafar og hafa gert fjölda félagshagfræðilegra greininga á norðurlöndunum.

4. Hverjir borga fyrir þessa úttekt/skýrslu?

Verkefnastofa Borgarlínu greiddi fyrir gerð skýrslunnar, sbr. samning milli SSH og Vegagerðina um rekstur hennar.

5. Hvað kostaði hún í heild sinni?

Vinna við félagsahagfræilega greiningu og samgönguspár henni tengdri kostaði kr. 19.747.224. Upphaflega kostnaðarmat, sem fylgdi með verkefnaáætlun og samþykkt var í stýrihópi 18. október 2019, gerði ráð fyrir að verja 20 mkr. í verkefnið.

6. Ef fleiri enn einn aðili óskaði eftir skýrslunni hvað borgaði hver aðili fyrir sig?

Það var bara einn aðili sem óskaði eftir greiningarvinnunni og því engin skipting kostnaðar.